

Nr. 123 / 11 Kaprifol**Strandar á Þórshöfn**

IMO 9200081
Fánaríki: Kýpur
Smíðaður: Tyrklandi 2000, stál
Stærð: 1845 GT
Mesta lengd: 89,37 m
Breidd: 12 m Dýpt: 5,1 m
Vél: Wartsila
Fjöldi skipverja:



Kaprifol©Moolen

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. október 2011 var tankskipið Kaprifol að koma til Þórshafnar til lestunar á lýsi. Djúprista: 3-4 m. Veður: NV 10-14 m/s. skv. upplýsingum frá hafnaryfirvöldum.

Þegar skipið var komið inn í höfnina náði stjórnandi þess ekki að koma því að bryggju svo það lenti inn á grynningar og strandaði. Landfestum var komið í land og með því að hífa í þær og með aðstoð vörubíls í landi tókst að losa skipið.

Kafað var við skipið og í ljós kom rifa á botni fyrir aftan miðju og öll skrufublöð skemmd.



Mynd: Kaprifol strandað í höfninni á Þórshöfn. mbl.is/Líney

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var tekin skýrsla af skipstjóra um atvikið en fram kom hjá honum í samtali við lögreglu að hann hefði komið inn í höfnina á talsverðri ferð til að missa ekki skipið í syðri hafnargarðinn vegna vinds. Vegna þess hefði hann ekki komist nær bryggjunni í fyrstu tilraun og ekki tekist að stöðva ferð skipsins;
- að ekki varð vart við mengun í höfninni;

- að ekki var hafnsögumaður um borð. Fram kom hjá hafnaryfirvöldum að skipstjórinn hefði ekki komið til hafnarinnar áður en fengið upplýsingar um aðstæður og talið sig geta siglt inn í höfnina við þessar aðstæður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að skipstjórinn hafi vanmetið aðstæður.